

**156. löggjafarþing 2025.
Þingskjal 403 — 113. mál.**

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Diljá Mist Einarsdóttur um erlenda fanga.

1. *Hve margir fangar með erlent ríkisfang voru í íslenskum fangelsum síðustu fimm ár og hvert var hlutfall erlendra fanga? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda íslenskra og erlendra ríkisborgara í íslenskum fangelsum síðustu fimm ár og hlutfall erlendra ríkisborgara.

Í fangelsi	2020				2021				2022				2023				2024				
	Hlutf.				Hlutf.				Hlutf.				Hlutf.				Hlutf.				
	Ísl.	Erl.	Alls	erl.rb.	Ísl.	Erl.	Alls	erl.rb.	Ísl.	Erl.	Alls	erl.rb.	Ísl.	Erl.	Alls	erl.rb.	Ísl.	Erl.	Alls	erl.rb.	
Afpl.fangar:	84	17	101	17%	101	16	117	13%	86	23	109	21%	69	31	100	31%	57	31	88	35%	
Gvh.fangar:	16	10	26	39%	8	10	18	54%	15	19	34	56%	23	25	48	53%	23	28	50	55%	
Samtals:	100	27	127		110	26	136		101	42	143		92	56	148		80	59	139		
Hlutfall erl. rb. samtals:					21%				19%				29%				38%				42%

2. *Hver var kostnaður við túlkajónustu fyrir erlenda fanga síðustu fimm ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Kostnaður sl. fimm ár fyrir bæði túlka- og þýðingarþjónustu var alls 10.565.998 kr.

Í eftirfarandi töflu má sjá sundurliðun kostnaðarins í krónum eftir árum.

Ár	2020	2021	2022	2023	2024
Þýðing samtals		418.810		863.089	
Túlkun samtals	505.225	677.894	1.153.657	3.730.603	3.216.720
Samtals	505.225	1.096.704	1.153.657	4.593.692	3.216.720

3. *Hvernig eru erlendum föngum tryggð fullnægjandi réttindi eins og upplýsingagjöf?*

Í 54. gr. laga um fullnustu refsinga, nr.15/2016, er fjallað um réttindi erlendra fanga, þar á meðal upplýsingagjöf til þeirra. Við upphaf afplánunar fá erlendir fangar upplýsingar um afplánun eins og aðrir fangar. Fangelsismálastofnun hefur útbúið upplýsingabækling á nokkrum tungumálum en ef þörf er á er kallaður til túlkur þegar föngum er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum. Ef við á eru erlendir fangar sérstaklega upplýstir um að þeir geta sótt um að fá að afplána refsingu sína í heimalandi sínu enda sé samningur þess efnis við heimaland viðkomandi fanga.

4. *Hver er afstaða ráðherra til þess að gera samkomulag við önnur ríki um að fangar með erlent ríkisfang afpláni dóma í sínu heimalandi?*

Samkvæmt lögum um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o.fl., nr. 69/1963, má fullnægja fangelsisdómum milli landanna

hafi þeir verið kveðnir upp þar og viðkomandi sé ríkisborgari eða heimilisfastur þar. Sama gildir ef fanginn er staddur í landinu og betra þykir að fullnægja dóminum þar. Fangelsismálayfirvöld hafa samskipti sín á milli og ákveða hvort og hvenær fullnusta skuli yfirtekin. Er yfirleitt fallist á slíka beiðni en skortur á plássum getur í einstökum tilvikum haft áhrif á hvenær unnt er að yfirtaka fullnustu.

Ísland er einnig aðili að samningi Evrópuráðsins um flutning dæmdra manna frá árinu 1983. Alls eru 64 þjóðir aðilar að þessum samningi. Hann veitir föngum sem hafa verið dæmdir í fangelsi í erlendu ríki möguleika á að afþlána refsingu í heimalandi sínu og er ætlað að stuðla að alþjóðlegri samvinnu. Samkvæmt samningnum þurfa bæði ríki að vera samþykk flutningi auk þess sem fanginn þarf að samþykkja flutning, nema undir sérstökum kringumstæðum. Gerður var viðauki við samninginn árið 1997, m.a. svo að mögulegt væri að flytja fanga til síns heima án samþykkis hans. Ef skilyrði eru til flutnings er óskað eftir flutningi til viðkomandi lands.

Stór hluti erlendra fanga sem eru í fangelsum núna falla undir framangreindan samning. Að mati ráðherra er mikilvægt að nýta þessar heimildir til fulls. Innan ráðuneytis stendur yfir vinna við að einfalda verkferla og virkja frekara alþjóðlegt samstarf, með það fyrir augum að fleiri erlendir fangar afþláni dóm sinn í heimalandi. Ráðherra telur jafnframt koma vel til greina að semja við önnur ríki um flutning erlendra fanga, ef svo ber undir, að því gefnu að aðstæður í fangelsum uppfylli alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar.